



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leik- og Sólgarður

2021 – 2022



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021	54
3 Innra mat xxx deildar	156
4 Innra mat sérkennslu	167
5 Innra mat – fjöltyngd börn	167
6 Starfspróunarsamtöl og fræðsla	178
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	178
8 Foreldrasamvinna	188
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	188
10 Fylgigögn	198
10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	198



Leiðarljós leikskólans

1 Greinargerð leikskólastjóra

Gerð verður grein fyrir starfsemi Leik- og Sólgarðs í sömu starfsáætlun þar sem rekstur beggja skóla er á höndum sama leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóra auk þess sem afleysingarfólk gengur vaktir jafnt á báðum skólum. Sólgarður er 51 barna skóli, þriggja deilda og Leikgarður er 64 barna skóli, fjögurra deilda. Samtals starfa um 45 manns á báðum skólum.

Stytting vinnuvikunnar var tekin upp á leikskólum Félagsstofnunar stúdenta í febrúar 2018 og er vinnuvikan 35 stundir. Starfsfólk gengur vaktir á tímabilinu 7:45 – 16:15.

Nýliðið starfsár er eitt það einkennilegasta á minni starfsævi. Aldrei fyrr hefur reynt eins mikið á samstöðumátt starfsfólks leikskólanna og jafn margir fundir haldnir í netheimum þar sem fundin voru upp hin ýmsu hjól til að ná að halda leikskólum þessa lands gangandi.

Eins og hendi væri veifað voru leikskólakennarar og annað starfsfólk leikskóla komin í framlínu faraldursins, ekkert mátti út af bregða hvað leikskóla þessa lands varðaði þá færi samfélagið á hliðina.

Eins og gefur að skilja var rennt blint í sjóinn en allir þó sammála um að börnin, foreldrar þeirra og starfsfólk leikskólans væri það sem við myndum einblína á, þeirra vellíðan, öryggi og heilbrigði.

Þetta gekk vonum framár og má þar helst þakka stærð (smæð) rekstraeininganna og samvinnu allra þriggja leikskóla Félagsstofnunar stúdenta. Ekki var í boði að skipta okkur niður í sóttvarnarhólf þar sem einungis er um eitt starfsmannasalerni að ræða en opnað var fyrir tvær kaffistofur á hvorum skóla auk annarra rýma fyrir þá sem það vildu sökum sóttvarna og fjarlægðartakmarkanna.

Veðurguðirnir voru einnig í liði með okkur þegar nýta þurfti garðinnganga fyrir foreldra þegar þeim var ekki leyfilegt að koma inn á skólanna. Það var undarleg sýni að sjá raðir foreldra í garðinum fyrir utan hverja deild að bíða eftir að „skila af sér“ að morgni eða „pikka upp“ í eftirmiðdaginn. Það er óhætt að segja að þegar þessu tímabili lauk þá saknaði engin þessarar „aktu/taktu“ stemmningar.

Starfsmannahópurinn hélst nokkuð óbreyttur á báðum skólum og furðulegt nokk, ekki mikið um veikindi. Starfsmenn fóru varlega og fóru í stök ef einhver einkenni gerðu vart við sig en enginn af Leik- eða Sólgarði fékk Covid-19 fyrr en í ágúst 2021. Þá smitaðist hjá okkur barn á Sólgarði og allur skólinn þurfti í sóttkví.

Starfsmannafundir og starfsdagar voru með furðulegra móti og reynt að hafa þann háttinn á að stjórnendur skólan auk deildarstjóra hittust reglulega, hvort sem var í raunheimum eða á alheimsnetinu og síðan voru haldnir deildarfundir til að koma áfram þeim skilaboðum sem rædd voru á fundinum. Einnig héldum við stærri fundi á Teams en reynsla okkar var sú að betri þátttaka í umræðum og öllu hugarflugi átti sér stað ef við vorum í smærri hópum í raunheimum og því nýttum við þá leið töluvert oftar.



Hefðir og venjur kollvörpuðust á þessum tíma en niðurstaða síðasta starfsmannafunds (sem haldin var með eðlilegu sniði) að sumt mátti missa sig og aðrar breyttar venjur eru komnar til að vera. Annað er með óbreyttu sniði og almenn ánægja starfsfólks með þessar breytingar sem gerðar hafa verið.

Allar upptökur hafa verið án foreldra og ein af þeim er aðventukaffi foreldra sem við höfum haft að loknum prófum svo foreldrar geti átt ljúfa og rólega stund á leikskólanum. Þegar kom að umræðunni um að fella þetta niður vegna Covid kom í ljós að foreldrar voru mun þakklátari og höfðu meira gaman af morgunverðarstundunum sem þeir höfðu átt fyrir Covid heldur en þessa stund og er því nú í umræðunni og verið að útfæra að auka veru foreldra í morgunmat (fyrir þá sem það geta) og jafnvel í síðdegishressingunni líka. Þarna má spyrja sig hvort þetta hefði nokkurn tímann komið upp í umræðunni ef ekki hefði verið fyrir Covid-19.

Einnig mátti sjá breytingar á starfsháttum leikskólakennara og annarra starfsmanna. Viðvera inn á deild varð mun meiri, allur efniviður nýttur á fjölbreyttari hátt og innkaupaóskir breyttust. Nýttni varð meiri, bækur skipuðu stærri sess í faglegu starfi auk þess sem starfsfólk sýndi lausnarmiðaða hugsun í að verða sér út um opin og raunverulegan efnivið.

Í haust átti sér nokkur breyting í starfsmannahópnum sér stað en flest til komið vegna náms í kennslugeiranum og er því fagnað. Einnig starfa 4 nemar í mastersnámi á skólunum með viðeigandi innspýtingu í faglegt starf hvað varðar alla verkefnavinnu og launað leiðsagnarnám.

Okkar leiðarljós er að viðhalda þeim góða starfsanda sem hér er og hefur ætíð verið. Viðhalda okkar heimilisbrag og bæta sífellt námsumhverfi, aðstæður og aðbúnað barnanna sem hér dvelja. Við óskum þess að hér ríki ávallt mikill kærleikur og virðing fyrir löngunum, óskum, þrá og vilja barnanna og að hverju barni sé áfram mætt af virðingu og umhyggju hvar sem það er statt í sínu þroskaferli.



Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

Leikskólarnir Leik- og Sólgarður hafa starfað eftir bandarísku stefnunni HighScope frá árinu 2010, en hún byggir á langtímarannsóknum. Það er mikill samhljómur með HighScope og Aðalnámskrá leikskóla.

Íris Dögg Jóhannesdóttir, aðstoðarleikskólastjóri Mánagarðs er menntaður HighScope kennari og þjálfari og sér hún um að þjálfa starfsfólk leikskóla Félagsstofnunar stúdenta í að starfa eftir stefnunni. Auk þess er leikskólastjóri liðtækur námskeiðshaldari eftir að hafa starfað við innleiðingu stefnunar, setjið ótal námskeið og ráðstefnur um hvernig skuli innleiða og starfs eftir High Scope stefnunni.

Þar sem hér starfa nú rúmlega 45 manns hefur ekki verið hægt að halda námskeið með öllum saman vegna fjöldatakmarkana en við náðum einu HighScope námskeiði í febrúar þar sem Hægt var nað skipta hópnum í þrennt var mikil ánægja meðal starfsfólks með það og há krafa um fleiri slík námskeið.

Þá hefur Íris gert sérstaka HighScope fræðslu síðu innan Workplace þar sem hún deilir myndböndum, lesefni, hugmyndum og fleira eftir óskum og þörfum starfsfólks. Þá eru í vinnslu stuttir og hnitmiðaðir HighScope fræðslufyrirlestrar sem fólk getur nýtt undirbúningstímann sinn í að hlusta/horfa á.

Einnig er á skólunum lítill kjarni sem starfar hér enn eftir 10-15 ára starf og hefur farið á allmörg HighScope námskeið og fræðir og þjálfar starfsfólk á deildum í daglegu starfi.


Við notum matslista frá HighScope sem kallast PQA - Preschool Quality Assessment (þessi listi hefur verið sendur Skóla- og frístundasviði) en sá listi tekur á námsumhverfi barna, dagskipulaginu, samskiptum kennara og barna, áætlanagerð og matsaðferðum. Íris sér um þetta í eðlilegu árferði en ekkert mat átti sér stað síðasta vetur.

Orðræðan í HighScope er ólík því sem fólk á að venjast og það tekur nýtt starfsfólk tíma og þjálfun til að tileinka sér hana. Það er áhugvert að fylgjast með þeirri þróun þar sem fólk talar um að það tileinki sér þessa orðræðu almennt í lífinu, þetta er ekki bara 8:00-16:00 orðræða og starfsfólk talar um að HighScope stefnan sé mannbætandi og geri samskipti þeirra við aðra innihaldsríkari þar sem virðing, virk hlustun, viðurkenning á líðan, skoðunum og tilfinningum annarra eru höfð að leiðarljósi í samskiptum.

Umhverfið er mjög barnvænt, hér eru öll húsgögn í hæð barnanna, þau hafa greiðan aðgang að svæðum og efnivið og geta því auðveldlega sýnt frumkvæði og sjálfstæði. Það er líka mjög góð yfirsýn yfir allar deildirnar, bæði fyrir börn og fullorðna og börn hafa góða stjórn á umhverfinu.



Efniviður er fjölbreyttur og höfðar til allra skynfæranna, hann er bæði hefðbundin leikföng og raunverulegir hlutir, mjúkt, hart, tré, plast, stál og svo framvegis.



HR monitor könnun var gerð í apríl 2021 og sýnir mismunandi stöðu á milli skólanna. Grænu fletirnir sýna hæsta skorið, mjög góður árangur en appelsínugulu sýna í meðallagi, góður árangur. Ljóst er að töluvert er að sóknarfærum á Leikgarði og verður áhersla lögð á lið 2 og 6 í vetur þar sem spurningarnar snúast um liðsheild, ánægu og vellíðan á vinnustað.



Viðhorfskönnun foreldra var gerð í mars og apríl 2021. Ekki bárust neinar niðurstöður vegna Sólgarðs og verður því einungis fjallað um Leikgarð.

Almenn ánægja er með stefnu og andrúmsloft inn á skólanum en bent er á skort á upplýsingaflæði. Stjórnendur leikskólanna taka mjög alvarlega þær vísbendingar sem koma fram í könnuninn varðandi stjórnun skólans og gerð hefur verið umbótaáætlun hvað það varðar.

Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Viðhorfskönnun til starfsfólks HR monitor, apríl 2021	Spurningalisti í tölvupósti til starfsfólks	Allt starfsfólk	Heildarárangur var 4,14 (Leikgarður) og 4,31 (Sólgarður) Á Sólgarði mátti sjá mikin styrk í starfánægju og ánægju með stjórnun skólans. Helstu veikleikarnir voru sjálfstæði til ákvarðanatöku og stuðning frá samstarfsfólki. Þetta finnst okkur ruglingsleg niðurstaða og höfum sett af stað greiningarvinnu hvað þessar mótsagnir varðar. Á Leikgarði er styrkinn að finna í liðsheildinni og stjórnun en skóinn kreppir í skýrri framtíðarsýn. Þetta verður okkar leiðarljós í vetur hvað alla vinnu innan starfsmannahópsins varðar.



Viðhorfskönnun til foreldra	Spurningarlisti í tölvupósti sendur til foreldra	Foreldrar	Veikleikarnir snúa flestir að upplýsingagjöf og stjórnun og má að einhverjum hluta snúa því að Covid-19. Hins vegar er ljóst að tækifæri til umbóta liggja víða. Foreldrar upplifa ekki að til þeirra sé leitað eftir hugmyndum né að stjórnendur séu til staðar í daglegu starfi. Hæsta skorið er í flokknum barnið og starfið, 4.58
------------------------------------	--	-----------	---



Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifær i til umbóta Að hverju er stefnt?	Aðgerðir til umbóta Hvernig framkvæmum við það?	Ábyrgð Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir? Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safnagögnum)	Viðmið um árangur Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði
Stjórnun							
Að auka upplýsingagjöf til foreldra varðandi stefnu og markmið leikskólans	Að foreldrar upplifi að þeir viti hvað er að gerast inn á leikskólanum og af hverju við vinnum það á þann hátt sem við gerum	Vikulegir fagpistlar auk myndskaiða frá highscope.org	Stjórnendateymi skólans. Leikskóla- og aðstoðarleiks kólastjóri ásamt deildarstjórnum.	1/8/21		Metið á hverri önn. Rafræn könnun til foreldra ásamt markvissum samtölum deildarstjóra/starfsfólks við foreldra	.



Að auka upplýsingagjöf til foreldra varðandi daglega rútinu skólans og framfarir barns þess		Með auknu upplýsingaflæði til foreldra á töflum deilda. Myndskráningum og vikulegum upplýsingaóstum um dagleg nám innan leikskólans ásamt fræðslumolum varðandi faglegt starf	Allt starfsfólk leikskólans kemur að þessari vinnu þar sem allir eiga sinn hóp og bera ábyrgð á honum.	1/8/21		Metið á hverri önn. Rafræn könnun til foreldra ásamt markvissu m samtölum deildarstjóra /starfsfólks við foreldra	
Endurskoðaðu viðveruskiptingu leikskóla- og aðstoðarleiks kólastjóra milli skóla	Að bæði foreldrar og starfsfólk upplifi að alltaf sé hægt að leita til leikskólastjóra	Kannað verður meðal starfsfólks hvernig viðveru leikskóla- og aðstoðarleiks kólastjóra er best fyrirkommið	Rafræn könnun meðal starfsfólks. Hugmyndum safnað saman og farið yfir á starfsmannafundum	1/9/21		Metið á hverri önn. Starfsmannaviðtöl nýtt á haust- og vorönn til að taka púlsinn og heyra frá hverjum og einum.	
Uppeldis- og menntastarf							



Auka aðgengi og framboð af HighScope fyrirlestrum á netinu	Setja inn upptöku r af HighScope fyrirlesturum á Teams / Workplace	Deildarstjórar sjá til þess að allt starfsfólk fái undirbúnings tíma til að horfa/hlusta	Stjórnendateymið	1/8/21		Starfsfólk gefur endurgjöf á þar til gerðu matsblaði – spurningar um hvað það vissi, hvað það lærði, hvað það mun tileinka sér strax og hvað þarf til að öðlast meiri færni	
Mannauður/ Leikskólabragur							
Fleiri sameiginlegar gleðistundir beggja skóla	Geta tengst bæði faglegu starfi og	Njóta þess að gera eitthvað saman sem hópur hvort sem snýr að	Allir starfsmenn skólans	1/8/21		Hugmynda banki, skemmtin efnd. Fagleg	Umræður á starfsmannafundum hvað virkar



	gleðistu nda utan vinnu,	faglegum, heilsueflandi eða gleðinærandi stundum. Mikilvægt að brjóta upp hversdaginn.				hugmynda nefnd og heilsueflan di hópur	og hvað virkar ekki.
Innra mat							
Við notum PQA listann frá HighScope í innra mati	PQA á öllum deildum	PQA matslistinn yfirfarinn á öllum deildum	Íris / Sigga	1/10 /21	1/2 /21	Niðurstöð ur kynntar á deildarfun dum. Unnið með starfsfólki að umbótum út frá niðurstöð um	PQA listinn



Þar sem skólarnir eru í minni kantinum og sami aldur á þeim öllum var litið fram hjá innra mati á hverri deild og innra mat skólans látið duga. Deildarstjórar voru sammála um að það sama á við allar deildar í innra og ytra mati og tækifæri til sóknar innan hverrar deildar eru þau sömu.

Innra mat xxx deildar

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.



2 Innra mat sérkennslu

Engin sérkennsla átti sér stað á skólunum 2020-2021

Mat á sérkennslu 2020-2021

Skipulagning sérkennslu 2020-2021 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	
Hvaða námsefni var notað? Vorur t.d. notuð aðkeypt námsgögn?	

Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Engu fjármagni úthlutað á skólanna
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Vel er fylgst með máltöku barnanna, tilfinningaspjöld og viðeigandi bækur, harðspjalda og úr taui nýttar í leik. Söngur og þulur ásamt sjálfsprottnum sögum nýttar í samveru, hvíld og kósýstundum.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Vel er fylgst með máltöku barnanna, tilfinningaspjöld og viðeigandi bækur, harðspjalda og úr taui nýttar í leik. Söngur og þulur ásamt sjálfsprottnum sögum nýttar í samveru, hvíld og kósýstundum

Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Þar sem að aldur barnanna gerir það að verkum að lítið er til af matstækjum höfum við nýtt okkur rólegar stundir í leik ásamt samverustundum til að skrá orð og setningamyndun.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur

6 Starfspróunarsamtöl og fræðsla

Leikskólastjóri tók allt starfsfólkið í starfspróunarsamtal í vor og fór sjálf í slíkt viðtal hjá mannauðsstjóra Félagsstofnunar stúdenta.

Það var lítið um námskeið og aðra endurmenntun þetta skólaárið. Íris HighScope kennari var með eitt 3ja klst nýliðanámskeið í HighScope í febrúar. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri fóru á 2ja daga netnámskeið hjá HighScope Institute Ireland og sama teymi ásamt deildarstjórum fóru á 3ja daga alþjóðlega netráðstefnu HighScope. Þar sem það hafa verið margir áhugaverðir fyrirlestrar á netinu hafa fleiri haft tök á að „fara“ á námskeið eða horfa á upptökur eftir á, það er annað jákvætt sem covid hefur skapað.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Á ekki við



8 Foreldrasamvinna

Þó svo að leikskólarnir væru í raun einungis eitt sóttvarnarhólf var aðgangur foreldra sem og starfsfólks að leikskólanum takmarkaður. Starfsfólk ekki fara um allan skóla og fjöldatakmarkanir þess valdandi að ekki var hægt að bjóða foreldrum hingað á viðburði og/eða fundi og annað slíkt fram eftir vetri. Við náðum að bjóða foreldrum í foreldraviðtöl í febrúar, mars og apríl, en því miður hefur þátttaka foreldra í öðrum þáttum verið takmörkuð (aðventukaffi, sumarhátíð)

Dagleg samskipti voru með eins eðlilegum hætti og aðstæður buðu uppá og ef foreldrar þurftu tíma til að spjalla var alltaf brugðist við því, hvort sem það var í eigin persónu, í gegnum skilaboð, tölvupósta eða símtöl. Við gerðum starfið sýnilegra með myndböndum og myndum en eins og gengur og gerist eru sumar deildir virkari en aðrar hvað þetta varðar.

Í foreldraviðtölum kom fram mikil ánægja hjá foreldrum með okkar störf á covid-tímum og foreldrar þakklátir fyrir okkar störf.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Starfsdagar skólaárið 2020-2021 voru með óhefðbundnu sniði þar sem fjöldatakmarkanir settu okkur þröngar skorður. Við unnum mikið inni á deildum þessa daga og áttum samskipti í gegnum Teams – þar fóru starfsmannafundir fram, það var broslegt að vera öll í sama húsi en mega ekki blandast.

Í febrúar gafst okkur færi á að vera með helminginn á HighScope nýliðanámskeiði í 3 klst og í júní gátum við svo loks verið öll saman og nýtt þann starfsdag í hópefli og bara samveru sem hópur þar sem við höfum verið meira sundur en saman í allan vetur. Sá dagur var algjörlega nauðsynlegur öllum.



10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. Leikskólanna Leik- og Sólgarðs

Sigríður Stephensen
Leikskólastjóri

12/10/21
Dagsetning



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2021 – 2022
Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð leikskólanna Leik- og Sólgarðs hefur tekið starfsáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2021-2022 til umsagnar líkt og 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 kveður á um. Við í foreldraráðinu samþykkjum starfsáætlunina, en þar kemur fram góð greinargerð um hvernig síðasta leikskólaár var. Í greinargerðinni er hægt að lesa sér til um innra og ytra mat leikskólans, innra mat hverrar deildar fyrir sig og hvernig unnið er með fjöltyngdum börnum. Einnig er farið yfir þá fræðslu og námskeið sem starfsfólki leikskólans hefur staðið til boða og sótt, samskipti leikskóla og foreldra og skipulag leikskóladagatalansins.

Á tímum Covid hefur leikskólastarfið verið mjög óhefðbundið vegna mikilla takmarkanna sem settar voru á í samfélaginu. Stjórnendur Leik- og Sólgarðs tókust vel á við þær áskoranir þó svo að foreldrakönnun Leikgarðs hafi sýnt óánægju með upplýsingagjöf til foreldra. Stóð starfsfólk skólans sig vel í að halda faglegu starfi gangandi og passa að líf barnanna yrði sem eðlilegast á þessu skrítnu tímum. Við foreldrarnir fengum reglulega upplýsingar frá stjórnendum Leik- og Sólgarðs um hverjar takmarkanirnar voru hverju sinni á leikskólanum sem skapaði öryggi hjá okkur foreldrunum. Þrátt fyrir erfitt ár fyrir starfsfólk leikskólans þá tekur maður eftir að starfsandinn hefur haldist góður og viðmót starfsfólks bæði til barnanna og foreldranna ávallt verið til fyrirmyndar. [Og síðast en ekki síst þá hafa börnin okkar notið sín, verið örugg og liðið vel sem skiptir okkur foreldra auðvitað öllu máli.](#)

Foreldraráð þakkar gott samstarf við leikskóla og foreldra á árinu.

Fyrir hönd Foreldraráðs Leik- og Sólgarðs

Helga Jóna Eiríksdóttir

Petra María Gunnarsdóttir



